3 AFSTÖÐUMYND
1:500

Framkvæmdarlýsing - Hakið, gestastofa - Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

Sótt er um leyfi til þess að stækka gestastofu við Hakið, auk breytinga innnanhúss í núverandi byggingu.

Í stækkun verður anddyri og sýningarsalur fyrir gesti ásamt fjölnotasal, sem getur verið sýningarsalur eða kvikmyndasalur. Kennslustofa, fundarherbergi og ein skrifstofa. Snyrtingar fyrir gesti og starfsfólk, ræstiklefar, geymslur og tæknirými.

Í núverandi byggingu verður innréttuð veitingasala og kaffistofa auk litillar verslunar.

Aðalinngangur verður í viðbyggingu frá bílastæði við vesturenda hússins.

Byggingarlýsing - Hakið, gestastofa - Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

1. Lýsing eignarinnar - starfsemi

Í núverandi byggingu er starfrækt fræðslu- og þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum. Byggingin er á einni hæð, reist árið 2002 eftir teikningum Glámu Kíms.

2. Götuheiti og númer
Hakið lóð 1, Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

3. Staðgreinir
Staðgreinir: 8721-6-00010010 Landnúmer: 218476

4. Byggingarefni gólfa og útveggja
Í sýningarhluta, tæknihluta og snyrtingakjarna eru útveggir steinsteypt á steinsteyptum sökkli og steinsteypt botnplata.
Á inngangs- og starfsmannarými eru útveggir stál- og timburgrind á steinsteyptum sökkli og steinsteypt botnplata.

5. Byggingarefni þaks
Í sýningarhluta, tæknihluta og snyrtingakjarna er þak staðsteypt eða úr steinsteyptum hoplötum. Burðarvirki þaks á inngangs - og starfsmannarýmum er úr stáli og timbri.

6. Frágangur / klæðning útveggja og þakflata
Snyrtingakjarni er einangraður að innan með sjónsteypufrágangi að utan, pappi á þaki. Aðrir steyptir útveggir og þök eru einangruð að utan. Þak á sýningarhluta og tæknihluta er lagt pappa og þar ofan á einangrun og torf. Þak á inngangshluta og starfsmannahluta er einangrað í grindina og lagt pappa. Ysta byrði útveggja á sýningar- og tæknirými er timburklæðning. Ysta byrði inngangs- og starfsmannahluta er koparklæðning eins og á núverandi byggingu.

7. Gerð innveggja
Burðarveggir eru steinsteyptir. Léttir innveggir eru byggðir úr stálgrindum og klæddir gipsplötum.

8. Litaval utanhúss
Á öllum útveggjum nýta náttúruleg efni sín.

9. Gerð glugga
Gluggar eru úr álgluggakerfi.

10. Klæðningar innanhúss - flokkur
Allar veggja og loftaklæðninngar verða í flokki 1.

11. Einangrun sökkla og undir plötu
Innan á sökkla og undir plötu verður einangrað með 100 mm plasteinangrun.

12. Einangrun veggja og þaka
Veggir verða einangraðir með 125 mm steinull. Á þökum er 225 mm einangrun.

13. Lýsing lagnaleiða
Inntaksrými fyrir vatn og rafmagn eru í enda snyrtingakjarna viðbyggingar. Vatnslagnir eru innbyggðar í veggi og gólf. Raf- og smáspennulagnaleiðir verða í lagnabökkum neðan í lofturm og í gólfum.

14. Upphitun
Húsið er hitað með gólfhita, vatn er hitað með rafmagni.

15. Loftræsting
Vélræn loftræsting er í nýbyggingunni. Útsogskerfi er frá snyrtingakjarna en inn- og útblásturskerfi í öðrum rýmum. Loftræstisamstæða er í tæknirými við suðvesturhorn hússins. Útsogsblásari er á þaki yfir snyrtingakjarna.

6. Brunavarnir
Sjá texta brunahönnuða hér til hliðar.

17. Kólnunartölur

	U-gildi W/m2K
Þak (steinull þurr 225 mm)	0,145
Þak - viðsnúið - blaut einangrun (225 mm)	0,212
Útveggur (125 einangrun)	0,393
Gluggar (karmar, gler vegið meðaltal)	1,500
Hurðir	2,000
Ofanljós	2,000
Gólf á fyllingu (100 mm einangrun	0,267
Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir)	0,560

18. Heildarstærðir hverrar hæðar (m^2 og m^3
1.hæð: 1.277,0 m^2 4.773,8 m^3

19. Heildarstærðir (m^2 og m^3
Birt flatarmál 1.277,0 m^2 Bruttorúmmál 4.773,8 m^3

20. Stærð lóðar
Lóðin er skráð 2.622,1 m^2

21. Nýtingarhlutfall
0,49

22. Fjöldi bílastæða (þar af f. fatlaða) - Bílastæðabókhald
Engin bílastæði eru staðsett inni á lóðinni.

24. Hljóðvist
Hljóðvistarkröfum verður fullnægt með dempunarplötum í lofturn og á veggjum.

25. Brunahönnun / Brunaskýrsla
Brunavarnir nýbyggingarinnar verða í samræmi við fyrirskrift Mannvits sbr. texta hér að neðan.

Almennt um brunavarnir
Um er að ræða stækkun á Hakinu, gestastofu á Þingvöllum. Núverandi gestastofa, ca. 180 m2, verður endurnnréttuð og mun innihalda kaffistofu en í nýbyggingunni, ca. 730 m2, verður anddyri og sýningarsalur fyrir gesti ásamt fjölnotasal, sem getur verið sýningarsalur eða kvikmyndasalur, kennslustofu, fundarherbergi og einni skrifstofu. Húsið verður því innan við 1000 m2 að stærð og verður í notkunarflokki 2.
Brunavarnir í húsinu eru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum eftir því sem við á miðað við hús sem byggt er fyrir gildistöku reglugerðarinnar. Í samræmi við gr. 9.2.5. staðfestist að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru rýra ekki brunavarnir hússins né hluta þess á neinn hátt.
Brunavarnir eru unnar í samráði við Mannvit hf. Brunavarnir hússins eru hannaðar í samræmi við grein 9.2.2-a, þ.e. eingöngu á grundvelli byggingarreglugerðarinnar.

Burðarþol burðarvirkis:
Burðarvirki hússins verður almennt steypt en þak anddyrisins verður borið upp með stálbitum. Brunamótstaða burðarvirkis að vera R 60 skv. 9.9.3 gr. byggingarreglugerðar þar sem áhætta fólks er metin „meðal" og brunaálagið undir 800 MJ/m2. Stálbitarnir verða því varðir með eldvarnarmálningu.

Brunahólf:
Ekki er krafa á að skipta húsinu í meginbrunahólf skv. 9.6.11 gr. 9.6.12 gr. í Byggingarreglugerð nr. 112/2012 þar sem húsið hefur sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi og reyklosun.
Brunahólf í nýbyggingunni, sem öll verða EI 60 eru: fjölnotasalur (sýningarsalur/kvikmyndir), tæknirými og lager. Hurðir tæknirýma og lagersins verða EI260-CSm en EI230-CSm að fjölnotasal.

Flóttaleiðir:
Almennt verða tvær óháðar flóttaleiðir frá öllum rýmum nema þar sem engin físt víðvera verður s.s. í tæknirýmum og lager. Breiddi flóttaleiða þarf að vera 1,0 fyrir hverja hundrað menn en gangar í flóttaleið þurfa að vera 1,3 m.
Mannfjöldi í byggingunni ákvarðast af stærð rýmisins og nýtanlegs gólffatar.
Fjölnotasalurinn er 125,5 m2, sýningarsalurinn er 221,1 m2, kennslustofan er 40,3 m2 og anddyrið sem inniheldur móttöku er 156,9 m2. Fjölnotasalurinn og kennslustofan miða við fólk í sætum þar sem sætin eru kraekt eða spennt saman en öll rýmin geta nýst undir sýningaratstöðu. Heildarfjöldi fólks í fjölnotasalnum ásetfast 167 manns og 53 manns í kennslustofunni m.v. 0,75 m2/mann sem er skv. BS 9999:2008.
Heildarfjöldi fólks í sýningarsalnum ásetfast 147 manns og 104 manns í forsalnum m.v. 1,5 m2/mann. Því getur samtals verið um 471 manns í nýbyggingunni. Heildarbreidd flóttaleiða úr fjölnotasalnum þarf því að vera 1,67 m, og heildarbreidd flóttaleiða úr brunahólfinu sem inniheldur sýningarsalinn, anddyrið og kennslustofuna þarf því að vera 3,04 m.
Þegar stólamir í fjölnotasalnum og í kennslustofunni eru spenntir saman þarf lágmarksbreidd gönguleiðar, þvert á raðir, að vera 2,0 m, og fjarlægð á milli stólaraða skal vera 1,0 m, mæld á milli stólbaka.
Allar hurðir í neyðarútgöngum skulu vera með opnunarbúnað í samræmi við ÍST EN 1125:1997, þ.e. paniksla.
Tryggja skal að allir útgangar í flóttaleið séu opnanlegir og greiðfærir. Þannig skulu snjóþyngsli ekki hamla flæði fólks.

Klæðningar:
Allar loft- og veggklæðningar innanhúss skulu vera í flokki 1 og upphengd loft ásamt tilheyrandi upphengjum vera úr A-efnum. Gólfefni á flóttaleiðum skulu uppfylla flokk Dfl-s1 (G). Allar utanhúsklæðningar verða úr A efnum. Þakklæðning skal uppfylla flokk Broof (t2).

Brunaviðvörunarkerfi:
Í húsinu verður sett upp sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið skal vera viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54.
Það er brunaviðvörunarkerfi í núverandi byggingu og verður nýja kerfið aðlagað að eldra kerfinu. Stjómstöð brunaviðvörunarkerfis verður í tæknirýminu sem er aðgengilegt utanhúss og er staðsett við brunaskilin á milli nýbyggingarinnar og núverandi byggingar. Við stjómstöð skal vera yfirlitsmynd af kerfinu. Kerfið skal vera þjónustað af aðila viðurkenndum af Mannvirkjastofnun.

Neyðarlýsing og ÚT-ljós:
Neyðarlýsing, sjálflýsandi merkingar og út-ljós verða sett í húsið og utanhúss í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN1838:2013, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar 160.BR3, byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum og ISO 16069.

Slökkvitæki og slöngukefli:
Í húsinu eru slöngukefli eins og aðaluppdráttur sýnir. Handslökkvitæki skulu vera við hvert slökkvitæki og á öðrum stöðum skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og kröfum eldvarnaeftirlits. Kolsýrutæki skal vera í hverju tæknirými.

Reyklosun:
Þar sem fjarlægð í næsta útvegg er almennt ekki meiri en 10 m verða gluggar og hurðir nýttir til reyklosunar.

Loftræsikerfi:
Almennt skal fyrirkomulag loftræsikerfis vera í samræmi við byggingarreglugerð og eða starfsæminnar í hverju rými fyrir sig. Hönnun loftræsikerfis skal vera þannig úr garði gerð að brunahólfun skerðist ekki og kerfið stuðli ekki að reykútbreiðslu. Vélræn loftræsing í húsinu skulu vera í samræmi við DS 428 og byggingarreglugerð. Vélræn loftræsing skal stöðvast við brunaboð.

Brunaþéttingar:
Götum í kringum loftræsistokka og lagnir sem ganga í gegnum brunahólfandi veggi verði lokað á þann hátt að hólfunin skerðist ekki á neinn hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu notuð á viðeigandi hátt skv. fyrirmælum framleiðanda eða seljenda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun.

Aðkoma slökkviliðs:
Þrigvellir eru í Ámessýslu og er því á höndum slökkviliðs Brunavarna Ámessýslu. Aðkoma slökkviliðs er því væntanlega um þjóðvegi 35 og 36. Áætlað er að viðbragðstími sé 30-45 mínútur og skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunnar er heildarvatnsþörfin um 1.600 l/min eða 27 l/s og nauðsynlegur vatnsforði er 192 m3 miðað við 2 tíma slökkvistarf.

Eigið eldvarnareftirlit og viðbragðsáætlun:
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 200/1994. Kerfisbundið eftirlit verður í húsinu.

1 BYGGINGARLÝSING

Skráningartafla: Hakið - lóð 2

Reikna — Landnúmer: 218477 — Matshlutanúmer: 01 — Staðgreinir: 8721-06-0001-0020

Reikningi lokið — Skrásetjari: Trausti Leósson — Kennitala: 310846-3769 — Dags.: 4.3.16

Prenta

Brúttóflötur: 1.277,0 m^2
Brúttó rúmmál: 5.553,9 m^3

Birt flatarmál: 1.277,0 m^2
Skiptarúmmál: 4.773,808 m^3

Útgáfa: 4.01b
© 1998 Fasteignamat ríkisins, Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

Skráningartafla:	Hakið - lóð 2																	
Landnúmer:	218477																	
Matshlutanúmer:	01																	
Uppskipting og lýsing					Útgáfa: 4.01b	Skráset jari:	Trausti Leósson											
					Stærðir	Kennitala:	310846-3769											
						Dags.:	4.3.16											
D0 Lóðarn	D1 Hjálm hæð+röð	D2 Notkun texti	D3 Notkun flokkun	D4 Eignarhald	D5 Bruttómál m²	D5M Millimál m²	D6 Sigár m²	D7 Úp m²	D8 Brúttómál m²	D9 Brúttómál sh < 1,8	D10a Sala/hæð min	D10b Sala/hæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettómál m²	D16 Birt flatarmál m²	Hæð/útlína skiptarúmmáls	D17 Skiptarúmmál m³
		Matshluti			1.277,0	0,0	0,0	0,0	1.277,0	0,0			5.553,9	1.150,2	1.277,0		4.773,808
		Botn											255,4				
	01	**1. hæð**			1.277,0	0,0	0,0	0,0	1.277,0	0,0			5.298,5	1.150,2	1.277,0		
A	0101	**gestamóttaka**	N	0101	1.237,2				1.237,2		3,28	5,10	5.189,4	1.118,8	1.237,2	4,19	4.687,772
A	0102	**snyrting**	N	0101	4,2				4,2		2,74	2,74	11,5	2,3	4,2	2,74	6,302
A	0103	**snyrting**	N	0101	3,5				3,5		2,74	2,74	9,6	2,8	3,5	2,74	7,672
A	0104	**snyrting**	N	0101	3,5				3,5		2,74	2,74	9,6	2,8	3,5	2,74	7,672
A	0105	**snyrting**	N	0101	3,5				3,5		2,74	2,74	9,6	2,8	3,5	2,74	7,672
A	0106	**snyrting**	N	0101	3,5				3,5		2,74	2,74	9,6	2,8	3,5	2,74	7,672
A	0107	**snyrting fatlaðra**	N	0101	7,1				7,1		2,74	2,74	19,5	5,8	7,1	2,74	15,892
A	0108	**tæknirými**	U	0101	14,5				14,5		2,74	2,74	39,7	12,1	14,5	2,74	33,154
B	0109	**dyraskýli**	U	0101	15,2				15,2		3,28	3,28	49,9				
B	0110	**pallur**	U	0101	15,8				15,8		4,03	4,03	63,7				
B	0111	**pallur**	U	0101	37,5				37,5		2,40	2,47	91,3				
B	0112	**pallur**	U	0101	8,5				8,5		3,55	3,55	30,2				
Athugasemdir																	
Skráningin er gerð samkvæmt teikningum frá Glámu Kím arkitektum í mars 2016																	
Þakgluggar reiknast 20 cm upp fyrir þakflöt																	
Sameignir sumra																	
Eignarhald																	

Eignarhald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Séreign og sameign m³
0101	**gestamóttaka**	1.277,0	4.773,808	4.773,808
	Alls	1.277,0	4.773,808	4.773,808

2 SKRÁNINGARTAFLA

Skráningartafla:	Hakið - lóð 2																	
Landnúmer:	218477																	
Matshlutanúmer:	01																	
													Útgáfa: 4.01b					
	Botnplata		Hjúpfletir															
	Botnplata m³	Botnplata m²	Útveggir m²	Þar af: Gluggar- og dyrasp m²	Þak m²	Þar af: Þakgluggar og þakop m²												
Matshluti	255,4	1.277,0	1.147,4	200,0	1.277,0	9,0												

Yfirlit	Innan hæða A	Utan hæða A	B	C	Alls
Botnflötur / m^2	1.277,0		77,0		1.354,0
Brúttóflötur / m^2	1.277,0		77,0		1.354,0
Brúttórúmmál / m^3	5.553,9		235,0		5.788,9
Nettóflötur / m^2	1.150,2				1.150,2
Birt flatarmál / m^2	1.277,0				1.277,0
Skiptarúmmál / m^3	4.773,808				4.773,808

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
28 APR. 2016
Byggingarfulltrúi

ÚTGÁFUFERILL

NR.	DAGS.	SKÝRINGAR:	TEIKN.	SAMÞ.

LAGFÆRINGAR

A	4.3.16	STÆKKUN		

ÖLL MÁL SKAL SANNREYNA Á VERKSTAÐ ÁÐUR EN SMÍÐI HEFST

Árni Kjartansson arkitekt FAÍ	kt. 040352-3099
Baring Bjarnar Jónsson arkitekt FAÍ	kt. 020464-5329
Jóhannes Þórðarson arkitekt FAÍ	kt. 121057-4029
Sigsjón Kjartansson arkitekt	kt. 121258-2289
Sigurður Halldórsson arkitekt FAÍ	kt. 160857-2009

HAKIÐ - GESTASTOFA

STÆKKUN

AFSTÖÐUMYND - ÞAKMYND
SKRÁNINGARTAFLA -
BYGGINGARLÝSING

ADALUPPDRÁTTUR

Breyting: A - 04.03. 2016 | Númer: A21.01 | Útgáfa: 12.12.2015 | Mk.: 1:500 | Verkn.: 1503024 | Teikn.: ka / bf | Hönn.: SK

GLÁMA·KÍM
Arkitektar Laugavegi 164 sími 105 Reykjavík
s. 530-9100, f. 530-9101, kt. 540 496 3739
glama@glamakim.is, www.glamakim.is

SAMRÆMI ER VIÐ MÆLA AF TEIKNINGUM
TEIKNING LIGGUR AÐ ÖKUSKÍRTEINI FÁST MÉR EKKI NÉ ÖÐRUM HÆTTIR AÐ VERA TIL ÓBÓT HÉÐAN SEM SÉRSTÖKUM ÞYKIR VÍÐKOMANDI

021.9